

STJÓRNARTÍÐINDI A 17 — 1985

10. desember 1985

329

Nr. 99

LÖG

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga,
nr. 73 26. nóvember 1980.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

F-liður 8. gr. orðist svo:

Að greiða 1% af vergum tekjum sjóðsins til Sambands íslenskra sveitarfélaga og 1,16% til landshlutasamtaka sveitarfélaga sem skiptist jafnt á milli þeirra allra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Alexander Stefánsson.

28. desember 1985

Nr. 100

LÖG

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eigendur þeirra fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1986 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskylda hvílir á þeim aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, auk þess bönkum og sparisjóðum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1985 á þeirri fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um

leigulóð sé að ræða, þó að frádrögnum afgangsskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því, hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts, skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1985.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annarra nota, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

5. gr.

Með skattframtali 1986 skal fylgja skrá yfir eignir þær sem falla undir lög þessi, ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatverð, eða eftir atvikum kostnaðarverð þeirra, í árslok 1985. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál þeirra eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Þeir aðilar, sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara, en undanþegnir eru tekju- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1986 skila skráum skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

6. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,1% af skattstofni skv. 3. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt, sem ekki nær 2600 kr., skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Ákvæði VIII.—XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts eftir því sem við á, nema öðru vísi sé ákveðið í lögum þessum.

8. gr.

Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1986 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1987. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981 eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1986.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.